



Hvernig sækir ég um fyrir barnið mitt?

Umsókn í skólann er á heimasíðu Barnaskólans í Garðabæ bskgbr.hjalli.is, undir umsóknir. Að auki þurfa foreldrar að sækja um inni á íbúagátt Garðabæjar á „mínum síðum“.

Um Barnaskólann í Garðabæ

Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur starfað á Vífilstöðum frá 2003. Aðalsmerki skólans hefur frá upphafi verið að skapa jafnvægi á milli náms og leiks þar sem velliðan hvers barns skiptir mestu máli. Við mætum hverju barni eins og það er og teljum okkur geta fylgt börnum sérstaklega vel eftir hvað varðar námslega og félagslega þætti.

Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem byggir á jafnrétti stúlkna og drengja, þar sem báðum kynjum er gert jafnhátt undir höfði og menning beggja kynja er virt.

Við vinnum með félags- og tilfinningaþroska eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar í fjögurra vikna lotum. Í opnum vikum vinnum við í smiðjum og leggjum höfuðáherslu á list- og verkgreinar, skapandi starf og samvinnu.

Um Hjallastefnuna

Hjallastefnan var stofnuð árið 1999 af Margréti Pálu Ólafsdóttur. Hjallastefnan byggir á íslensku hugviti og er margverðlaunuð bæði á Íslandi og erlendis. Hjallastefnan býður upp á þrjá barnaskóla á höfuðborgarsvæðinu fyrir börn á aldrinum fimm til tólf ára.

Barnaskólarnir byggja á hugsjónum Hjallastefnunnar sem snúast um persónuþroska hvers barns. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar á grunnskólastigi er í fullum samhljómi við lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Rannsóknir hafa sýnt að Hjallastefnubörn mælast ávallt jafnvíg og fremri á sumum sviðum en samanburðarhópar úr öðrum skólum.

„Jákvætt andrúmsloft, virðing og samvinna lýsir starfinu í Barnaskólanum. Við foreldrarnir erum einhvern veginn í sama liði og kennarar og starfsfólk þar sem allt snýst um að hafa hlutina sem besta fyrir barnið. Lögð er áhersla á að börnunum líði vel í skólanum en um leið er kennslan metnaðarfull og mikið er lagt upp úr því að vekja áhuga nemenda á námsefninu.“

– Bryndís, Hjallastefnumamma

„Gæti ekki hugsað mér betri skóla eða vinalegra umhverfi.“

– Atli, Hjallastefnufaðir

Áhugasömum er bent á að hafa samband við skólann og fá kynningu á skólastarfinu í síma **555-7710** eða með því að senda tölvupóst á barnaskolinngbr@hjalli.is.

Barnaskóli
Hjallastefnunnar á
Vífilstöðum
Vífilstaðavegi 123
210 Garðabæ

555-7710
barnaskolinngbr@hjalli.is
bskgbr.hjalli.is



Barnaskólinn í Garðabæ

Hjallastefnan er kærleiksmíðuð og skapandi lýðræðisstefna



Þú hefur val fyrir barnið þitt



Fjörugt fimm ára starf

Við höfum boðið upp á nám og kennslu fyrir fimm ára börn frá árinu 2003 og höfum því mikla reynslu í þeim efnum. Námsleiðir eru að mestu í gegnum leik, söng og hreyfingu. Okkur hefur tekist einstaklega vel til með lestrarkennslu barnanna. Mörg af fimm ára börnunum okkar eru komin vel af stað í lestri þegar þau hefja grunnskólanám.



Íþróttir og sund

Íþróttá- og sundkennsla er kennd allt árið um kring. Íþróttir fara fram í okkar frábæru náttúruperlu hér á Víflsstöðum fram að áramótum en eftir áramót bætist við íþróttakennsla í Ásgarði þar sem lögð er áhersla á fjör, fimi og færni í hinum ýmsu íþróttagreinum. Sundkennsla fer fram í Mýrinni ýmist á haust- eða vorönn.

Skapandi smiðjur

Í opnum vikum er uppbrot á skólastarfinu hjá okkur þar sem boðið er upp á smiðjur. Í smiðjum er hópaskipan oft breytt, stúlkur og drengir saman í hópum eða smærri hópar vinna saman. Hver smiðja er löguð að aldri og þroska barnanna sem og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Rík áhersla er lögð á skapandi starf í smiðjum og list- og verkgreinakennsla er í forgrunni. Allir kennarar skólans kenna í smiðjum og öll börn skólans fara á milli smiðja sem gefur þeim tækifæri til að kynnst ólíkum skapandi verkefnum.

Lestur

Lestur er undirstaða alls náms. Rannsóknir sýna að góð lestrartækni og lesskilningur hafa mikið forspárgildi fyrir árangur í framtíðarnámi barna. Lestrarþjálfun er ávallt sniðin að þörfum og áhugasviði barna. Börnin lesa a.m.k. einu sinni á dag upphátt fyrir kennara og/eða önnur börn og er þeim tamið að lesa heima á hverjum degi fyrir foreldra eða fjölskyldu.

Niðurstöður prófana er tengjast læsi nemenda skólans sýna afdráttarlaust að dagleg þjálfun, einstaklingsmiðuð og fjölbreytt lestrarkennsla með ólíkri nálgun stúlkna og drengja skilar sér í auknum árangri.

Jóga

Börnin í Barnaskólanum iðka jóga daglega inni á öllum kjörnum skólans. Við litum á þessa stund sem núvítundarslökun og hugleiðsluþjálfun þar sem allir kennarar stýra stundinni sem tekur mið af aldri og þroska barnanna okkar hverju sinni.

Skólaföt

Skólafötin og notkun þeirra af hálfu barna og kennara er sáraeinföld leið til að jafna stöðu barna og tryggja að ekki verði til óréttlát samkeppni sem hefur áhrif á líðan barna. Fötin skapa skemmtilega liðsheild og samkennd, draga úr áhyggjum barna yfir að fínu fötin skemmist í skólanum og þess í stað eru þau alltaf í þægilegum fötum.



Sumarskólinn slær í gegn!

Við Barnaskólann er starfræktur sumarskóli þar sem gleði, öryggi og frelsi eru í forgrunni og fjör og frumkvæði barna er eftir sérstaklega. Veðið ferðir, hellaskoðun, bæjarferðir, kofabyggð, vatnafjör, sköpun og listkennsla eru lykilorð í starfi sumarskólans. Börnin okkar finna til öryggis undir stjórn öflugs starfsfólks sem fengið hefur góða leiðsögn í Hjallískum starfsháttum.



Námsárangur

Námsárangur barna í Barnaskólunum er góður. Á samræmdum prófum í 4. bekk hefur árangur þeirra jafnan verið yfir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í stærðfræði.

Árangurinn er fyrst og fremst barnanna sem hafa lagt sig fram í náminu en um leið ber hann vitni um að starfshættir okkar reynast vel.

Rannsókn sem Háskólinn í Reykjavík gerði á Hjallastefnunni 2014-2016 sýndi að unglingar sem stundað höfðu nám í Barnaskólanum í Garðabæ stóðu vel að vígi samanborið við jafnaldra í Garðabæ. Námsárangur fyrrum Hjallastefnubarnanna var marktækt betri en hinna og athyglisvert að þau bjuggu líka yfir meiri þrautseigju í námi sínu.



Matur

Hjá Hjallastefnunni bjóðum við upp á fjölbreytt og hollt fæði sem mætir orkuþörf barnanna. Við leitumst við að nota hreinar og ferskar matvörur og er allur matur búinn til frá grunni. Við leggjum áherslu á að koma til móts við sérþarfir t.d. vegna ofnæmis, lífsstíls eða trúarbragða.



Náttúrulegt umhverfi og aðstæður

Skólinn okkar er staðsettur við Víflsstaðavatn og eru útisvæðin okkar rík af náttúrulegum efnivið með rannsóknarmöguleikum í drullumalli, klifri í trjám eða grjóti. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að börn sitji ekki of lengi við með tilliti til úthalds og einbeitingar. Kennarar Barnaskólans leggja því mikla áherslu á að hvert og eitt barn nýti sér þá vinnustellingu og staðsetningu sem hentar best. Hámarksathygli eykur líkurnar á því að barn bæti við þekkingu sína, kunnáttu og hæfni. Við höldum því ótrauð áfram í Barnaskólanum að stuðla að fjölbreyttu og viðeigandi vinnuumhverfi sem leiðir til vellíðunar og árangurs.